BRÚARÁSSKÓLI

- hver og einn er einstakur

2026

Sjálfsmatskýrsla Brúarásskóla



Kennarar Brúarásskóla

30/09/2026

Inngangur

Í sjálfsmatsskýrslu Brúarásskóla kemur fram hvernig sjálfsmati í skólanum er háttað og að þessu sinni komu allir kennarar skólans ásamt skólastjóra að vinnunni. Rýnt var í helstu þætti í innra og ytra mati skólans, þar sem tekið var fram hverjir eru styrkleikar og veikleikar í þeim matstækjum sem lögð hafa verið fyrir þ.e. Matsferillinn sem samanstendur af Lesfimi, Lesskilningi og Stærðfræði. Auk þess var rýnt í niðurstöður nemenda- og foreldrakönnunar Skólapúlsins.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er skv. grunnskólalögum 91/2008 eru að:

35. gr. *Markmið.*

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,

b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,

c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,

d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Matsferilspróf í stærðfræði og lesskilningi var lagt fyrir langflesta nemendur í 4.-10. bekk í mars 2026. Skólapúlsinn var lagður fyrir í 6.-10. bekk einu sinni að þessu sinni skólaárið 2025-2026. Í febrúar 2026 var foreldrahluti Skólapúlsins líka lagður fyrir. Lesfimi er síðan lögð fyrir alla bekki 2.-10. bekk þrisvar sinnum á ári. Enginn nemandi var í 1. bekk á síðasta ári.

Tilgangur þess að vinna sjálfsmatsskýrslu er að rýna vel í þá þætti sem koma vel út í skólastarfinu og þá þætti sem við getum unnið meira með og bætt okkur í. Upp úr sjálfsmatsskýrslunni er umbótaáætlun skólans unnin þar sem vakin er athygli á því sem betur má fara og hvernig hægt sé að vinna með þættina til að ná enn meiri árangri.

Einkunnarorð skólans eru að hver og einn sé einstakur. Talsvert mikið var unnið með einkunnarorðin á vordögum 2025. Útbúinn var mynd af þeim og myndin sett upp í forstofu skólans. Þannig seytlast einkunnarorðin inn í nemendur skólans og skólaumhverfið.



Vorið 2026 voru 42 nemendur í skólanum. Þeir skiptust svona í bekkjardeildir:

Bekkjardeild	Fjöldi	Bekkjardeild	Fjöldi
1. bekkur	0	**6. bekkur**	3
2. bekkur	4	**7. bekkur**	10
3. bekkur	3	**8. bekkur**	1
4. bekkur	3	**9. bekkur**	6
5. bekkur	3	**10. bekkur**	9

Matsferill

Í mars 2026 var Matsferill lagður fyrir nemendur í 4.–10. bekk í lesskilningi og stærðfræði. Grunnskólum ber skylda til að leggja prófin fyrir nemendur í 4., 6. og 9. bekk. Matsferill er rafrænt matstæki sem notað er til að fylgjast markvisst með námi og framförum nemenda. Matið gefur okkur upplýsingar um stöðu nemandans á ákveðnum sviðum og hjálpar okkur að greina hvað gengur vel og hvar mögulega er þörf á frekari æfingu eða stuðningi.

Niðurstöðurnar eru fyrst og fremst upplýsingar sem kennarar geta nýtt til að styðja nemendur sem best í námi. Þær eru skoðaðar í samhengi við aðrar upplýsingar um námsstöðu hvers nemanda, svo sem vinnu hans í skólanum, þátttöku, verkefni og framfarir.

Með Matsferli fást upplýsingar um stöðu hvers nemanda á ákveðnum tímapunkti. Með því að skoða niðurstöðurnar getum við greint:

- styrkleika nemandans
- áskoranir sem hann stendur frammi fyrir
- hæfniþætti sem þarfnast frekari þjálfunar

Þannig geta niðurstöðurnar hjálpað kennurum að skipuleggja kennslu og stuðning út frá þörfum hvers nemanda.


Foreldrar geta einnig nýtt upplýsingarnar til að fá betri innsýn í námsstöðu og framvindu barns síns. Niðurstöðurnar geta verið góður grundvöllur fyrir samtal við kennara um hvernig best sé að styðja barnið áfram, bæði heima og í skólanum.


Við lítum því á Matsferil sem hjálpartæki í námi og stuðningi við nemendur. Jafnframt er Matsferill mikilvægt matstæki fyrir innra mat skólans og áframhaldandi skólaþróun. Upplýsingarnar geta þannig nýst til að þróa kennslu og stuðning enn frekar og stuðla að því að nemendur fái nám og stuðning sem tekur mið af þörfum þeirra.

Í Brúarásskóla var þátttaka góð en vert er að taka fram að í skólanum er fremur hátt hlutfall nemanda með einstaklingsnámskrá. Hér í þessari skýrslu verða niðurstöður kynntar en þar sem einungis um 40 nemendur eru í skólanum en ekki er hægt að tala út frá árgöngum. Nemendahópnum er skipt í tvennt, 4.-7. bekkur og 8.-10. bekkur.

Í stærðfræði tóku 30 nemendur þátt af 34.

Yfir meðaltali (landið)	10% (21%)
Við meðaltal (landið)	77% (58%)
Undir meðaltali (landið)	13% (21%)







Í lesskilningi tóku 29 nemendur þátt af 34.

Yfir meðaltali (landið) 20,7% (21%)

Við meðaltal (landið) 58,6% (58%)

Undir meðaltali (landið) 20,7% (21%)





Umbótaáætlun í lesskilningi

Verkefni: lesskilningur.

Markmið: Leggja aukna áherslu á að efla orðaforða og málskilning.

Leiðir:

- erum sífellt að auka aðgengi að bókum
- fjölbreytt orðavinna sbr. orð af orði og byrjendalæsi
- kenna sérstaklega aðferðir eins og að spá fyrir um, draga saman, spyrja spurninga og álykta
- kennari les bókmenntaverk fyrir nemendur, ræðir viðfangsefni og útskýrir orð og hugtök

Umbótaáætlun í stærðfræði

Framkvæmd: Allir sem koma að nemendahópunum

Verkefni: Við skoðun á niðurstöðum í Matsferli koma nemendur almennt við meðaltal í flestum inntaksflokkum. Heilt yfir í mið- og eldri bekkjum kom *rúmfræði og mælingar* verr út en annað.

Markmið: Að efla skilning, hugtakaskilning og færni nemenda í rúmfræði og mælingum.

Leiðir:

- fara í verkleg þemaverkefni í rúmfræði og mælingum í byrjun skólaárs.
- hengja upp sýnilegt námsefni, s.s. veggspjöld, hugtakakort og dæmi um rúmfræðiform og mælieiningar, til að styðja við notkun hugtakanna í daglegu námi.
- aðlaga verkefni að aldri og getu nemenda þannig að allir fái viðeigandi áskorun.
- nýta þemaverkefni þar sem nemendur þurfa að beita rúmfræði og mælingum í samhengi við raunveruleg viðfangsefni.

Framkvæmd: Stærðfræðikennari.

Verkefni: Virkni og áhugi í stærðfræði á yngra stigi.

Markmið: Vinna með fjölbreyttum kennsluaðferðum og snemmbærum stuðningi til að efla stærðfræðivitund, grunnfærni og áhuga. Að greina sem fyrst þá nemendur sem þurfa aukinn stuðning og bregðast markvisst við.

Leiðir:

- innleiðing á Evolytes til að vekja áhuga og nýta tækifæri til að fylgjast með stöðu nemenda og greina styrkleika og námsþarfir.
- skipta hópnum upp í minni hópa eftir þörfum til að geta veitt markvissari kennslu.
- nýta fjölbreyttar kennsluaðferðir, s.s. verkleg verkefni, leiki, spil, stöðvavinnu og stafrænt nám.
- vinna með þemaverkefni til að vinna á fjölbreyttari hátt með stærðfræði.
- leggja áherslu á virkni þátttöku og jákvætt viðhorf til stærðfræðináms.

Framkvæmd: Stærðfræðikennari.

Lesfimi

Lesfimi er lögð fyrir alla nemendur í september, janúar og maí. Stuðningspróf eru að auki lögð fyrir nemendur í 3., 6. og 9. bekk og fyrir þá nemendur sem ná ekki viðmiðum í Lesfimi. Markmið Lesfimi er að mæla lestrarhraða og lesnákvæmni nemenda, sem eru lykilþættir í þróun lesfærni. Staðlaður texti fyrir viðeigandi aldur nemenda er lesinn upphátt í tvær mínútur og reiknast niðurstöður út frá fjölda orða á mínútu.

Stuðningsprófin kanna sjónrænan orðaforða og orðleysur (bullorð) og gefa vísbendingar um hvort getu nemanda megi bæta með auknum lestri upphátt eða hvort eitthvað annað valdi því að nemandi nái ekki viðmiðum, eins og dyslexía, málþroskaröskun ofl.

Niðurstöður Lesfimi og stuðningsprófa eru nýttar til að skipuleggja markvissa lestrarþjálfun, greina hvaða nemendur þurfa aukinn stuðning í lestri, styðja við heimili hvað varðar heimalestur og fylgjast með árangri íhlutunar og breytinga á kennsluaðferðum.


Verkefnastjóri sérkennslu sá um fyrirlögn prófanna og skráningu niðurstaða. Áður fyrr voru niðurstöður færðar í Mentor en með tilkomu Matsferils, þar sem prófin er nú að finna, verða niðurstöður sjálfkrafa aðgengilegar foreldrum á island.is.


Að neðan má sjá myndir af fyrirlögn Lesfimi hjá nemendum Brúarásskóla í lok skólavetrar 2025-2026. Vegna smæðar skólans er ekki hægt að tilgreina niðurstöður hvers bekkjar og því sýnir myndin niðurstöður eftir stigum skv skilgreiningu Aðalnámskrár:

Yngsta stig – 1.-4. bekkur,

Miðstig 5.-7. bekkur

Elsta stig 8.-10. bekkur.





Myndirnar sýna eftirfarandi niðurstöður:

	1.-4.bekkur	**5.-7.bekkur**	**8.-10.bekkur**	**Landsmeðaltal**
Undir meðaltali	50%	18.8%	28.6%	21%
Meðaltal	30%	43.8%	64.3%	58%
Yfir meðaltali	20%	37.5%	7.1%	21%

Samkvæmt niðurstöðum mælist helmingur nemenda á yngsta stigi undir meðaltali og helmingur í meðaltali eða yfir meðaltali. Þar er ljóst að vandi er á ferð sem þarf að mæta. Stuðningspróf voru lögð fyrir til að meta hvort undirliggjandi vandi væri til staðar.

Á miðstigi voru nemendur undir meðaltali mun færri en að landsmeðaltali, eða 18,8 %, og töluvert fleiri nemendur yfir meðaltali en á landsvísu, eða 37,5%.

Á elsta stigi voru fleiri undir meðaltali en á landsvísu eða 25% á móti 21% á landsvísu. Þegar litið er á hlutfall kynja þeirra sem eru undir meðaltali má sjá að hlutföllin eru nokkuð jöfn.

Þegar rýnt er í niðurstöður má nefna að nokkuð hátt hlutfall nemenda í Brúarásskóla hafa staðfestan grun um náms- og lestrarerfiðleika vegna undirliggjandi ástæðna á borð við dyslexíu og DLD málþroskaröskun og aðrar greiningar á borð við ADHD og einhverfu. Gott er að vinna út frá þeim upplýsingum til að mæta nemendum í vanda. Markvisst var unnið með yngsta hópinn í byrjendalæsi í fyrravetur og nú munum við leggja enn ríkari áherslu á heimalestur. Daglega lesa nemendur upphátt í 1.- 8. bekk fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa í morgunstund.

Í vetur verður lögð megináhersla á lestur og lestrarfærni nemenda á yngsta stigi, bæði þá sem þurfa aukinn stuðning en einnig verður beitt snemmtækri íhlutun fyrir þá sem gætu átt í vanda seinna meir.


Smáforritið Graphogame verður m.a. nýtt í þeirri vinnu en það kennir börnum undirstöðuatriði lestrar, einkum tengsl bókstafa og hljóða, hljóðkerfisvitund, orðalestur og stafsetningu. Það aðlagar verkefnin að færni barnsins og er ætlað sérstaklega ungum börnum og þeim sem eiga í lestrarerfiðleikum.

Nemendakönnun Skólapúlsins


Virkni nemenda

Skólapúlsinn var lengi vel lagður fyrir alla nemendur í 6-10. bekk í október og aftur í apríl. Ákveðið var í fyrrahaust að leggja könnunina fyrir aðeins að hausti því það hafði eðlilega gert vart við sig ákveðin þreyta meðal nemenda að taka könnunina tvisvar á vetri.


Virkni nemenda er metin í nokkrum þáttum í Skólapúlsinum. Einn þeirra er ánægja nemenda af lestri. Sá þáttur er samkvæmt niðurstöðunum á uppleið annað árið í röð eftir að hafa dalað nokkuð árin þar á undan. Í Brúarásskóla er lögð áhersla á byrjendalæsi í yngri bekkjum skólans og hver einasti skóladagur hefst á yndislestri í 25 mínútur. Sá tími er einnig nýttur þannig að reynt er að láta alla nemendur í 1.-8. bekk lesa upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa. Í 9.-10. bekk hefur umsjónarkennari inn á milli lesið með og fyrir hópinn valda skáldsögu og rætt textann og innhaldið jafnóðum við nemendur. Við höfum trú á að þessi aðferð í bland við frjálslestur sé árangursrík. Þrátt fyrir að við myndum vilja sjá meiri áhuga og ánægju nemenda af lestri getur Brúarásskóli unað þokkalega við sitt þegar niðurstöður Skólapúlsins eru bornar saman við landsmeðaltal eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.




Í beinu framhaldi af þessu er rétt að skoða áhuga nemenda Brúarásskóla á stærðfræði. Það er ekki síður jákvætt að sjá að áhuginn á stærðfræði hefur aukist tvö skólaár í röð. Engu að síður er svigrúm fyrir að bæta þennan þátt því hann er ennþá örlítið fyrir neðan landsmeðaltal.



Þrautseigja í námi er þáttur sem mældur er í Skólapúlsinum og er eitthvað sem við í Brúarásskóla reynum að leggja áherslu á. Eins og aðrir skólar í Múlaþingi höfum við reynt að tileinka okkur áherslur Leiðsagnarnáms í skólastarfinu og þar er þrautseigja eitt af meginstefunum. Í þessum þætti stöndum við í stað milli ára og erum fyrir neðan landsmeðaltal og það er eitthvað sem okkur langar til að bæta.




Trú á eigin námsgetu er mikilvægur þáttur sem mældur er í Skólapúlsinum árlega og margt sem bendir til þess að þessi þáttur hafi afgerandi áhrif á hvernig nemendum reiðir af í námi í framtíðinni. Ánægjulegt er að sjá jákvæða þróun í þessum þætti annað skólaárið í röð.




Líðan og heilsa


Í Skólapúlsinum eru mældir margir þættir sem snerta líðan og heilsu. Þessir þættir verða seint ofmetnir í öllu skólastarfi. Andlegur, félagslegur og vitsmunalegur þroski nemenda vex og dafnar í réttu hlutfalli við líðan og heilsu. Sjálfsálit er einn af þeim þáttum sem metinn er í Skólapúlsinum og sá þáttur mælist örlítið lægri en í fyrra. Niðurstaðan er engu að síður góð miðað við landsmeðaltal sem er jákvætt enda sterk sjálfsmynd gulls ígildi.




Vellíðan kemur nokkuð vel út úr Skólapúlsinum þó að hún mælist örlítið minni en árið áður. Þetta er þáttur sem tók talsverða dýfu skólárið 2023-2024 og við viljum vera vakandi fyrir.



Einelti er eitthvað sem öll skólasamfélög berjast við að fyrirbyggja með öllum tiltækum ráðum. Þar er Brúarásskóli engin undantekning og við leggjum okkur fram um að berjast gegn því. Niðurstöður Skólapúlsins hafa því miður í gegnum tíðina stundum verið áhyggjuefni þegar kemur að einelti en jafnframt hvatning til að gera betur. Við reynum markvisst að krydda skólastarfið með ýmsum hætti til að efla félagslega virkni og þroska nemenda. Við erum meðvituð um tækifæri og áskoranir sem fylgja því að vera fámennur skóli og leggjum talsvert uppúr því að eldri nemendur læri að sýna þeim yngri tillitssemi og hlýhug. Það er jákvætt að sjá að annað árið í röð tekst okkur að halda okkur neðan við landsmeðaltal í þessum þætti. Það þýðir þó ekki að við getum sofið á verðinum.




Sá þáttur sem oftast hefur komið hvað best útúr Skólapúlsinum snýr að viðhorfi nemenda til skólamötuneytisins. Það er einkar ánægjulegt að sjá að engin breyting varð á því milli ára þrátt fyrir að skólinn tæki sjálfur við rekstri mötuneytisins af Foreldrafélagi Brúarásskóla í upphafi þarsíðasta skólaárs. Mjög litlar breytingar urðu á rekstri mötuneytisins en þó hefur verið reynt að þoka skólamáltíðum í átt til frekari hollustu. Ánægjan með matinn í Skólamötuneyti Brúarásskóla er mikil miðað við niðurstöðurnar og eykst enn á milli ára.



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.


Skóla- og bekkjarandi

Nokkrir þættir í Skólapúlsinum eru undir þessum lið. Þar ber fyrst að nefna samsömun við nemendahópinn. Því miður má þar greina neikvæða þróun milli ára sem við viljum að sjálfsögðu sjá snúast við.




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.


Þá er ánægjulegt að sjá jákvæðar niðurstöður þegar kemur að sambandi nemenda við kennara. Þetta er reyndar þáttur sem við höfum unnið með talsvert markvisst undanfarin misseri. Í upphafi síðasta skólaárs voru settir á stundatöflu nemendaviðtöl þar sem umsjónarkennarar boðuðu nemendur í einstaklingsviðtöl. Þar var þess freistað að dýpka persónulegt samband nemenda og kennara og viðtölin voru nýtt til að ræða allt frá námsmarkmiðum og erfiðleikum í námi til persónulegra vandamála eða áskorana nemenda. Það er von okkar starfsfólksins að þetta skili sér markvisst inn í skólastarfið en auðvitað er ekki hægt að fullyrða að þetta komi beinlínis fram í þessum tilteknu niðurstöðum. Engu að síður höfum við mikla trú á því almennt séð að ef okkur starfsfólkinu tekst að skapa sterkt trúnaðarsamband við nemendur sé það besta leiðin til þess að stuðla að góðu og gæfuríku skólastarfi.



Virkni í tímum kemur ágætlega út úr Skólapúlsinum. Nemendur meta hana meiri en á fyrra skólaári og nokkuð yfir landsmeðaltali. Engu að síður er þetta þáttur sem við starfsfólkið reynum alltaf að vera vakandi fyrir enda er þetta sannarlega þáttur sem er mjög breytilegur milli nemenda.




Agi í tímum er þáttur sem vissulega tengist virkni í tímum. Því miður hefur þessi þáttur átt það til að sveiflast nokkuð upp og niður. Þægilegt og jákvætt námsumhverfi er sannarlega eitthvað sem við reynum að skapa í hverri skólastofu og í hverri kennslustund en það gengur vissulega misvel. Nú bregður hins vegar svo við að milli ára verður dramatísk breyting til batnaðar í þessum þætti og það er að sjálfsögðu ánægjulegt.



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.


Spurningar sem lagðar er til grundvallar í Skólapúlsinum í mati á Leiðsagnarnámi í Brúarásskóla koma ágætlega út. Eins og áður kom fram í þessari skýrslu er Leiðsagnarnám áhersluþáttur í öllum grunnskólum Múlaþings og jákvætt að sjá að þessi þáttur er að þokast upp hjá okkur eftir að hafa mælst leiðinlega lágur undanfarin misseri.




Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli ára í samanburði við þróunina á landinu í heild.

Aukaspurningar í Skólapúlsinum

Við höfum undanfarin ár fengið Skólapúlsinn til að spyrja sérstaklega út í viðhorf nemenda til Brúarinnar. Brúin er fyrir þá sem ekki þekkja til það heiti sem gefið var þeim þemaverkefnum sem eru rauður þráður í kennslufræðilegri nálgun Brúarásskóla. Í Brúaratímum eru námsgreinar samþættar í hverju þema fyrir sig þar sem tekið er fyrir ákveðið viðfangsefni í 2-4 vikur í senn. Það er samstaða í Brúarásskóla meðal kennara um það að við viljum standa vörð um þessa hugmyndafræði sem í grunninn snýst um það að auðveldara sé að auka áhuga nemenda á námi með því að leyfa þeim að sökkva sér í viðfangsefnin óháð hvaða „merkimiða" námsgreina við hengjum á verkefnin hverju sinni. Markmiðið er alltaf að virkja og styrkja áhugahvöt nemenda en auðvitað tekst það misjafnlega vel eins og gengur. Það er hins vegar afar jákvætt fyrir okkur að sjá í niðurstöðum Skólapúlsins að nemendur eru almennt jákvæðir gagnvart þessum samþættu þemaverkefnum sem við nefnum Brúna.





Samantekt


Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins fyrir skólaárið 2025-2026 í Brúarásskóla eru á heildina litið mjög jákvæðar. Það hafa komið niðursveiflur í ýmsum þáttum undanfarin misseri í þeim þáttum sem Skólapúlsinn kannar. Sem betur fer hefur flest af því þokast upp á við undanfarin tvö skólaár og við teljum okkur finna það í skólastarfinu sjálfu. Við starfsfólkið teljum það hafa verið gæfuskref að verða símalaus skóli og þannig reynt að stuðla að meiri félagslegri virkni innan veggja skólans. Þó að niðurstöður Skólapúlsins fyrir síðasta skólár séu okkur starfsfólkinu ánægjuefni erum við meðvituð um það að skólastarfið og skólabragurinn getur sveiflast til milli ára eftir samsetningu nemendahópsins hverju sinni. Við viljum hinsvegar gera allt sem í okkar valdi stendur til að skapa jákvæðan skólabrag og virkja nemendur okkar með okkur í það verkefni.

Foreldrakönnun Skólapúlsins

Skólapúlsinn hefur ekki verið lagður fyrir foreldra síðan árið 2018 þangað til nú síðastliðið vor. Hér í framhaldinu verða raktar helstu niðurstöður foreldrakönnunarinnar sem lögð var fyrir síðastliðið vor og rétt er að ítreka að átta ár eru á milli næsta viðmiðs á undan í gröfunum sem birt verða hér.


Nám og kennsla

Ánægja foreldra með nám og kennslu í Brúarásskóla mælist nokkuð mikil og er það ánægjulegt. Gott er að sjá að hún er nokkuð meiri en gengur og gerist á landsvísu.




Græna línan sýnir niðurstöðu skólans þau ár sem skólinn hefur tekið þátt í könnuninni. Rauða línan sýnir sömu niðurstöður á landsvísu.

Sömuleiðis virðast foreldrar vera sáttir við þyngd námsefnis í skólanum og þar er eins og sjá mál lítill sem enginn munur á stigum.




Þessi mynd sýnir árgangamun í skólanum samanborið við landið.

Agi innan veggja skólans er eitthvað sem langflestir foreldrar telja að sé hæfilegur og athyglisvert er að sjá að í yngsta aldurshópnum eru allir foreldrar á þeirri skoðun.




Foreldrar virðast einnig nokkuð ánægðir með stjórnun skólans.




Velferð nemenda


Þeir þættir sem kannaðir voru og lúta að velferð nemenda koma almennt mjög vel út. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra er meðal þess sem kemur einna best út.



Ánægjulegt er að sjá að þættir eins og samskipti foreldra og nemenda eru góð enda er það eitt af því sem við leggjum ríka áherslu á og teljum í raun vera mikilvægt atriði í öllu skólastarfinu.




Brúarás er símalaus skóli eins og komið hefur fram hér að framan og mikil ánægja meðal starfsfólks með hvaða áhrif það hefur haft á skólastarfið. Það kemur því á óvart að aðeins rétt rúmlega helmingur foreldra vilja banna farsíma í grunnskólum.



Aðstaða og þjónusta


Almennt virðast foreldrar ánægðir með aðstöðu barnanna sinna í Brúarásskóla.



Líkt og hjá nemendum sjálfum eru foreldrar mjög ánægðir með skólamáltíðir í Brúarásskóla.




Sá þáttur sem kemur mjög illa út er ánægja foreldra með tómstundaþjónustu. Þessi óánægja hefur verið látin í ljós víðar og gagnrýni hefur verið komið á framfæri á opnum heimastjórnarfundum hér í Brúarási. Málið hefur verið rætt á fundum Fjölskylduráðs og m.a. verið tekið upp við forsvarsfólk félagsmiðstöðvarinnar Nýung á Egilsstöðum og við íþróttafélagið Hött.




Foreldrasamstarf


Almennt séð virðast foreldar nokkuð ánægðir með samskipti og samvinnu við Brúarásskóla. Sá þáttur sem kemur best út er hvernig leitað er eftir og unnið með ábendingar og tillögur foreldra á því sviði.




Sá þáttur sem kemur hins vegar verst út er hvernig tekist hefur til við að upplýsa foreldra um stefnu skólans og námskrá.



Verulegt svigrúm er fyrir bætingu hjá Brúarásskóla er líka að finna í hvernig við getum virkjað foreldra í því að taka þátt í námsáætlunargerð með nemendum.




Á móti kemur að áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur mælist nokkuð yfir landsmeðaltali.




Heimastuðningur

Þessi þáttur í heild kemur ekki nægilega vel út í foreldrakönnun Brúarásskóla. Til að mynda er sá tími sem foreldrar verja við að aðstoða nemendur við heimanám talsvert lægri en gerist og gengur. Rétt er þó að hafa í huga að lítil áhersla er á heimanám í Brúarásskóla en heimalestur er þó eitt af áhersluatriðum í skólastarfinu.




Það er athyglisvert hversu lágt hlutfall foreldra í Brúarásskóla hefur væntingar um að barn þeirra komi til með að stunda háskólanám í framtíðinni.



Hið jákvæða er þó að mjög hátt hlutfall foreldra nemenda í Brúarásskóla hefur væntingar um að þeirra barn fari í iðnnám. Í ljósi áratuga langrar umræðu um ójafnt hlutfall þeirra sem velja bóklegar greinar í stað verklegra greina að loknum grunnskóla er ekkert beinlínis að segja annað um þetta annað en að mikilvægt er að hver og einn nemandi fái tækifæri til að fara þá

námsleið að loknum grunnskóla sem hugur hans stendur til. Þá er mikilvægast að nemandinn hafi stuðning foreldra sinna hvort sem hann velur að fara í iðnnám eða bóklegt nám.



Samantekt

Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins fyrir skólaveturinn 2025-2026 eru í heildina séð nokkuð jákvæðar en það eru að sjálfsögðu ýmsir þættir sem við þurfum að vinna betur með. Í heildina er viðhorf foreldra til Brúarásskóla mjög jákvætt og það er eitthvað sem við vonum að hafi sitt að segja um viðhorf nemenda til skólans og skólastarfsins. Við þurfum að efla samstarf við foreldra og styðja þá í að veita námi barna sinna heima við meiri athygli.

Umbótaáætlun skólaársins 2025-2026

Leiðsagnarnám og þættir úr Skólapúlsinum

Vinnubrögð leiðsagnarmats eru viðhöfð hér í skólanum, einkum það sem hefur með vaxandi hugarfar að gera og viðurkenningu á gerð mistaka. Við leggjum okkur fram við að hrósa nemendum í leik og starfi þegar við á. Sá þáttur að auka virkni nemenda í kennslustundum hefur aukist jafn og þétt síðustu ár gefa okkur upplýsingar um að það að valdefla nemendur gefi þeim meiri ró við vinnu og það skili sér í meiri virkni nemenda. En vissulega getur þessi þáttur sveiflast talsvert á milli skólaára og fer talsvert eftir því hvernig nemendahópurinn er samansettur.

Unnið var í að hvetja nemendur til að hafa trú á eigin getu og sú vinna virðist hafa skilað sér á síðasta vetri því sá þátt fer sífellt hækkandi og er kominn talsvert yfir landsmeðaltal. Því talið óþarfi að halda áfram með þennan þátt í komandi umbótaáætlun fyrir skólaárið 2026-2027.

Bæta aga í kennslustundum

Unnið hefur verið í því að bæta aga í kennslustundum, þann þátt sem kom fram hjá nemendum í Skólapúlsinum að þyrfti að bæta. Árangur hefur náðst með því að halda nemendum betur að verki í kennslustundum, með hvíldarherbergi, með pásumiðum og föstum pásum inn í stundarskrá. Sérstakt umbunarkerfi var nýtt með yngri nemendum til að vinna að því að breyta hegðun og umbuna fyrir góða hegðun. Þátturinn agi í tímum sveiflast mikið úr fyrri könnun 2024-2025 upp í að vera langt yfir landsmeðaltali skólaveturinn 2025-2026. Vinnu við að bæta aga í kennslustundum verður þó haldið áfram á komandi skólavetri.

Betrumbæta vinnubrögð og virkni vegna Brúarverkefna

Kennarar lengdu í brúarverkefnunum þannig að hvert verkefni er um 3 vikur. Það gaf góða raun þannig að hægt var að kafa betur í verkefnin og vinna meira í enduruppbyggingu á þeim. Meiri tími gafst til að bæta verkefnin og auka gæði þeirra þar með. Klárlega verður haldið áfram á þeirri braut á komandi árum.

Þátttaka í SÆG - bæta kennsluhætti

Við tökum þátt í SÆG verkefni sem unnið er að í Múlaþingi. Það gengur út að auka gæði kennslu. Í vor var myndbönd úr kennslu sýnd kennurum og kennarar rýndu í það sem tókst vel og það sem hefði betur mátt fara. Hugmyndin er að halda þeirri vinnu áfram á komandi starfsári.

Skólanámskrá - endurskoðuð greinasvið

Unnið var eftir hæfnimarkmiðum endurskoðaðrar aðalnámskrá frá 2024 á skólaárinu 2025-2026. Kennararnir við skólann eru oftast þeir einu sem kenna öllum nemendum skólans fagið sitt þá verður teymisvinna vegna forgangsröðunar hæfniviðmiða í skólanámskrá lítil. Kennarar skiluðu allir inn skólanámskrá í íslensku en eftir er að birta hana á heimasíðu skólans. Unnið verður áfram að gerð skólanámskrá næstu árin.

Umbætur skólaársins 2026-2027

Þátturinn **heimanám** kom út fyrir neðan meðaltal. Við leggjum áherslu á heimalestur í yngri bekkjum. Kvittað er fyrir lesturinn í heimanámsheftum fyrir þá sem vilja og aðrir nýta sér forritið Læsi til að kvitta fyrir heimalestri. Mælst er til þess að nemendur í 6.-8. bekk lesi heima. Finna þarf leiðir til að efla samstarf heimila og skóla. Með auknum lestri eykst lesskilningur oft á tíðum og þannig vinnum við einnig að eflingu lesskilnings sem er þáttur sem við þurfum að efla skv. Matsferlinum.

Þátturinn **þrautseigja í námi** þarf að vinna betur að á komandi starfsári. Við ætlum að leggja okkur fram um að hvetja nemendur áfram í náminu og brýna þá til að leggja metnað sinn í verkefni sín. Ef nemendur ná grunnfærni í lesskilningi og stærðfræði þá næst meiri árangur við námið og við það að takast á við verkefnin þá styrkist sjálfsmyndin. Við ætlum að fá foreldra með okkur í lið til að hvetja nemendur til meiri metnaðar og þrautseigju. Við ætlum að láta foreldra vita fyrr ef halla fer undan fæti hjá nemendum hvað varðar þessa þætti. Hafa sérstaka áherslu á þessa þætti í viðtölum í byrjun nóvember. Við munum líka láta vita af því þegar nemendur standa sig vel og leggja metnað sinn í námið.

Samsvörun við nemendahópinn er eitthvað sem við verðum að huga vel að. Það er töluverð áskorun í því fólgin því við búum við þann kost að sífellt fleiri nemendur vilja sækja skólann hér í Brúarási. Það er verkefni hvers haust að hrista nemendur saman og byggja brýr á milli nemenda til að þeir standi saman sem einn bekkjarhópur.

Við þurfum að huga betur að því hvernig **foreldrar eru upplýstir um stefnu og námskrá**. Í foreldrakönnun Skólapúlsins kemur fram að við þurfum að veita meiri og betri upplýsingar um áðurnefnda þætti. Við munum vinna meira að skólanámskránni skv. Endurskoðaðri aðalnámskrá. Setja starfsáætlun skólans á heimasíðu skólans og koma allri skólanámskránni á heimasíðu skólans. Einnig þurftum við að bæta okkur í að koma kennsluáætlunum á Mentor.

Þátturinn að gera **námsáætlanir með foreldrum** er eitthvað sem fram í foreldrakönnun Skólapúlsins. Mjög margir teymisfundir eru haldnir með foreldrum, kennurum og öðrum sem koma að málefnum nemendanna í skólanum. Því má segja að við sinnum þessum þætti hjá þeim nemendum sem þurfa á teymisfundum að halda.

Áfram verður unnið með:

- Líðan nemenda í skólanum
- Viðbrögð við einelti.
- Vinna með brúarverkefni og hafa þau lengri þ.e. í 3-4 vikur.
- Taka þátt í SÆG verkefninu
- Áhugi í stærðfræði
- Vinna í lesskilningi einkum hjá yngsta hópnum

Lokaorð

Brúarásskóli telst vera fámennur skóli hvort sem litið er til nemenda- eða starfsmannafjölda. Því fylgja ýmsir kostir og gallar. Stærðin setur okkur kennurunum oft takmörk í ýmiskonar samvinnu því hópastærðirnar okkar bjóða sjaldnast uppá að tveir kennarar vinni saman með hóp eins og í teymiskennslu. Smæðin gerir okkur auðvitað líka viðkvæmari eins og t.d. þegar fólk þarf frá að hverfa vegna veikinda. En smæðin ætti líka að gera okkur kleyft að bregðast hraðar við ýmsum áskorunum og við ættum að eiga auðveldara með að stilla allan starfsmannahópinn saman. Það að allur kennarahópurinn í Brúarási lagði hönd á plóg við gerð þessarar sjálfsmatsskýrlu eykur mjög gildi hennar. Við náðum sem hópur að meta stöðu skólans okkar og starfsins hér í Brúarási með þeim mælikvörðum sem okkur stóðu til boða á nýliðnu skólaári. Án efa höfum við ekki farið í svo góða naflaskoðun lengi enda hafa þau mælitæki sem hér er stuðst við ekki beinlínis verið til staðar undanfarin misseri. Það er okkar trú að þessi samvinna í kennarahópnum hafi verið lærdómsrík og skilað okkur ýmsum hugmyndum um hvernig við getum haldið áfram að bæta skólastarfið hér í Brúarási.

Virðingarfyllst fyrir hönd allra kennara í Brúarási

Ásgrímur Ingi Arngrímsson
Skólastjóri Brúarásskóla